

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Síðasta starfsár Fjölmenntar var lærdómsríkt. Á árinu komu vel í ljós þau tækifæri fyrir starfsemi Fjölmenntar sem felast í nýjum kjarasamningum kennara. Þar má nefna nýjungar eins og árstíðatengd námskeið s.s. sumarnámskeið tengd útivist, garðrækt og hreyfingu. Einnig sérstök námskeið í aðdraganda jóla s.s. jólakortagerð, jólaskreytingar og jólatónlist. Er hér um skemmtilega nýbreytni að ræða sem mælst hefur afar vel fyrir. Mikil ásókn var á námskeiðin og var reynt að mæta eftirspurn eins og kostur var. Stutt og afmörkuð námskeið henta vel mörgu fötluðu fólki og ber að fagna þessum nýju græðlingum í flóru námskeiða Fjölmenntar. Þá hefur á hinn bóginn verið kallað eftir lengri samfelldari námsleiðum á vegum Fjölmenntar og er vilji til að þróa slíkar námsleiðir eins og kostur er.

Á árinu 2015 gerði Ríkisendurskoðun svokallaða forkönnun á starfsemi Fjölmenntar. Tilfni þeirrar könnunar var erindi Geðhjálpar til Mennta – og menningarmálaráðuneytisins þess efnis að Fjölmennt sinni ekki fólki með geðfötlun nægilega. Tekin voru viðtöl við stjórnendur Fjölmenntar, starfsmenn ráðuneytisins og fulltrúa Geðhjálpar. Gögn sem varða starfsemi Fjölmenntar voru skoðuð sem og lög og reglur og gögn er varða þjónustu við fatlað fólk. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var sú að Fjölmennt hafi í meginatriðum sinnt fólki með geðfötlun í samræmi við þjónustusamninga sína við mennta – og menningarmálaráðuneyti. Ríkisendurskoðun taldi því ekki ástæðu til að gera frekari athugun á starfsemi Fjölmenntar. Stjórn Fjölmenntar fagnar þessari niðurstöðu sem kom ekki á óvart enda hefur Fjölmennt alla tíð unnið að heilindum að þeim verkefnum sem stofnuninni er trúað fyrir skv. þjónustusamningi. Á haustönn fór kennsla þessa hóps að mestu leyti fram á dagsetrum fyrir fólk með geðfötlun, það fyrirkomulag var talið styðja betur við nemendahópinn og var sú ákvörðun tekin í samráði við forstöðumenn dagsetranna og búsetukjarna. Þá sinnir Fjölmennt námskeiðshaldi fyrir fólk með geðfötlun á landsbyggðinni í gegnum samstarf sitt við símenntunarstöðvar um land allt. Fjölmennt sinnir því sannarlega þessum hópi nemenda sinna eins og Ríkisendurskoðun hefur nú staðfest.

Stærsti markhópur Fjölmenntar hefur alltaf verið fólk með þroskahömlun, einhverfurófsraskanir og fjölfötlun, einstaklingar með fjölpættar þjónustubarfir sem þarfnast sérstaks stuðning í námi vegna fötlunar. Þessi hópur er sá hópur fatlaðs fólks sem minnst tækifæri hefur til símenntunar og tómstundaiðkunar og mestan stuðning þarf í daglegu lífi. Því er afar mikilvægt að standa vörð um starfsemi Fjölmenntar og þau tækifæri sem Fjölmennt veitir fólki og leita allra leiða til að varðveita og efla starfsemina. Nýjungar í starfseminni eins og diplománám við Myndlistarskóla Íslands og árstíðatengd námskeið eru ein leið til þess og á þeirri vegferð heldur Fjölmennt ótrauð áfram eins og fjármagn leyfir. Mikilvægt er að eigendur Fjölmenntar standi vel við bakið á Fjölmennt í þessari viðleitni svo miðstöðin geti sinnt sem best hlutverki sínu nú og til framtíðar.

Á vordögum kom í ljós að óvíst er hvort Fjölmennt fái viðbótarfjármagn til að bæta stofnuninni upp fjárútlát vegna óvæntra kjarabóta kennara í kjölfar gerðardóms í deilu ríkisins við BHM. Afleiðingin er meira tap á starfsemi Fjölmenntar árið 2015 en gert var ráð fyrir og aukin útgjöld árið 2016. Fyrirhugaður er því talsverður niðurskurður í útgjöldum og námsframboði á haustönn 2016 til að mæta þessari stöðu. Það er miður því það hillti undir meira jafnvægi í starfsemi Fjölmenntar en verið hefur síðustu ár. Reynt verður að tryggja öllum umsækjendum námskeið á haustönn.

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar-og þekkingarmiðstöðvar árið 2015. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er fjallað um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðfötlun og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjöllum má síðan sjá tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar:

Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
Vilborg Jóhannsdóttir, varaformaður, skipuð af menntavísindasviði Háskóla Íslands
Þorsteinn Jóhannsson, ritari, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands
Elsa Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
Erna Arngrímsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands.

Varamenn:

Aileen Soffía Svendsdóttir og Sigmundur Stefánsson skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp.
Kristján Sigurmundsson og Sigrún Gunnarsdóttir skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands.

Stjórnarfundir á árinu 2015 voru 8 talsins. Ársfundur var haldinn 11. maí.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ MENNTA OG-MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Þann 4. desember var undirritaður nýr þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Eldri samningur rann út í árslok 2013 en var framlengdur út árið 2014. Nýr samningur gildir fyrir árin 2015-2017 og er á sömu nótum og eldri samningur hvað varðar umfang starfseminnar og verkefni.

1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Starfstími

Starfsmenn mættu til starfa þann 5. janúar. Starfsemin hófst með viku undirbúningi en það er samkvæmt nýju fyrirkomulagi í kjarasamningi kennara. Námskeiðahald hófst 12. janúar og kennt var til 29. maí. Námskeiðsdagar á vorönn voru 89.

Starfsfólk mætti til starfa að loknu sumarleyfi 11. ágúst. Námskeið byrjuðu 26. ágúst og kennt var til 14. desember. Námskeiðsdagar á haustönn voru 79.

Nú hefur vinnurammi kennara samkvæmt nýjum kjarasamningi að fullu tekið gildi. Báðar annir ársins hófust með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst var unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem vörðuðu starfsemina í heild.

Starfsfólk

Starfsfólk á vorönn 2015:

Forstöðumaður í 100 % starfi

14 kennarar með samtals 235 kennslustundir á viku

7 verktakar með samtals 389 kennslustundir á önninni

2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor

1 félagsliði í 100% stöðu

1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi

3 stuðningsfulltrúar með samtals 22,5 klukkustundir á viku

Verkefnastjóri í símenntunardeild í 74% starfshlutfalli

Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötun 23% starfshlutfall

Ráðgjafi fyrir iPad kennslu 22% starfshlutfalli

Verkefnisstjóri *sendiherraverkefnis* í 20% starfshlutfalli

Rekstrarstjóri í 50% starfi

Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

Starfsfólk á haustönn 2015:

Forstöðumaður í 100 % starfi

15 kennarar með samtals 229 kennslustundir á viku

8 verktakar með samtals 489 kennslustundir á önninni

2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor

Starfsmaður í 10% starfi vegna erlendra verkefna

1 félagsliði í 100% stöðu

1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi
4 stuðningsfulltrúar með samtals 35 klukkustundir á viku
Verkefnastjóri í símenntunardeild í 74% starfshlutfalli
Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun 30% starfshlutfall
Ráðgjafi fyrir iPad kennslu 33% starfshlutfalli
Verkefnisstjóri *sendiherraverkefni* í 25% starfshlutfalli (í verktöku)
Rekstrarstjóri í 50% starfi
Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

Kennslustaðir Fjölmenntar á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2015 fór kennsla á vegum Fjölmenntar í Vínlandsleið fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi
- Sundkennsla í Sundhöll Reykjavíkur
- World Class í Egilshöll
- Keilusalurinn í Öskjuhlíð
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Ökuskólinn í Mjódd
- Háaleitisbraut 11-13
- Líkamsræktarstöðin Hress Hafnarfirði
- Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins
- Mímir-símenntun
- Matvælkólinn Sýni
- Tölvuskólinn Promennt
- Kórinn í Kópavogi
- Sjúkraþjálfunin Styrkur

Fræðsla starfsfólks

Í samráði við fræðslunefnd Fjölmenntar er reglulega boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk. Mikilvægt er að starfsfólk Fjölmenntar hafi alltaf yfir að ráða nýjustu kennsluháttum og kunnáttu í tækninýjungum á sviði sérkennslu. Ekki síður er mikilvægt að fylgjast með stefnum og straumum í símenntun í samfélaginu og bjóða upp á nýjungar í samræmi við þær. Jafnframt er lögð áhersla á að kennarar læri hver af öðrum. Hjá Fjölmennt starfa reynslumiklir kennarar og hafa því margt að miðla hver öðrum.

Fjárhagur

Árið 2014 urðu verulegar launahækkanir vegna nýs kjarasamnings við Félag framhaldsskólakennara. Ekki var ljóst fyrr en í lok þess árs hvort Fjölmennt fengi þessar hækkanir bættar. Það kom ekki í ljós fyrr en inntöku á vörnámskeið 2015 var lokið. Því var gætt mikils aðhalds við inntökuna. Á haustönn var svo bætt í, fjölgað um einn kennara og aukið við kennslu verktaka. Mikill ávinningur er af nýjum kjarasamningi. Allt samstarf gengur betur fyrir sig og umgjörð og skipting vinnutíma hentar starfseminni vel. Nú er möguleiki að haga kennslutíma kennara þannig að hægt er að halda sumar og jólanámskeið. Eins og fram kemur í ávarpi stjórnarformanns verður að draga úr starfseminni á haustönn 2016. Þessi óvissa hefur einnig áhrif á starfsemi vorannar 2017 þar sem inntaka á vorönnina fer fram í desember. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneyti verður lagt til að Fjölmennt fái launahækkanir kennara bættar á aukafjárlögum í lok árs, en það er ekkert fast í hendi og væri ábyrgðarlaust að halda óbreyttri starfsemi út árið. Stjórn Fjölmenntar þykir eðlilegt að stofnuninni séu bættar þessar hækkanir eins og öðrum menntastofnunum þar sem fólk í Félagi framhaldsskólakennara starfar.

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Bæklingur fyrir námskeið veturinn 2015-2016 var sendur út í maí til allra sem stunda nám hjá Fjölmennt. Námskeiðin eru einnig auglýst á heimasíðu Fjölmenntar. Haldinn var kynningarfundur fyrir útskriftarnemendur starfsbrauta í byrjun júní.

Í Vínlandsleið sækja að jafnaði um 320 manns námskeið á hverri önn. Kennarar Fjölmenntar eru leiðandi í faglegri þróun og nýjum leiðum í skipulagningu náms fyrir þá nemendur sem mesta sérhæfingu þurfa í námi. Á hverju ári er boðið upp á ný námskeið í bland við vinsæl námskeið sem alltaf er mikil ásókn í.

Námskeiðin eru annaskipt, á vorönn voru haldin 127 námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi og 18 sumarnámskeið, samtals 3.372 kennslustundir og á haustönn voru námskeiðin 143 talsins og 25 jólanámskeið, samtals 3.184,5 kennslustundir. Framboð á námskeiðum var fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Íþróttir, sund og dans
Matreiðsla og heimilishald
Upplifun, virkni og vellíðan
Myndlist og handverk
Tónlist og leiklist
Mál og samfélag
Tölvu- og upplýsingatækni
Sjálfstyrking og valdefling

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd er boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi. Á haustönn var haldið námskeið í smíði í Tækniskólanum.

Námskeiðahald á höfuðborgarsvæðinu er skipulagt bæði hjá Fjölmennt í Vínlandsleið 14 og hjá Mími-símenntun á Höfðabakka 9. Til hagræðis fyrir umsækjendur er gefinn út einn bæklingur fyrir báða námskeiðsstaði og sótt um námskeiðin á heimasíðu Fjölmenntar.

Samningur við Mími-símenntun var að upphæð 10 milljónir á árinu. Gott samstarf er við Mími og sóttu 70-80 manns nám þar á hvorri önn. Á vorönn voru haldin 12 námskeið og 11 námskeið á haustönn. Flest námskeiðin eru haldin í húsnæði Mímis en Mímir semur einnig við nokkra aðila um námskeiðahald.

Námskeiðin hjá Mími eru yfirleitt styttri en í Vínlandsleið og námshópar eru fjölmennari. Þau eru hugsuð fyrir þann hóp nemenda sem er sjálfbjarga með athafnir daglegs lífs og geta stundað nám í hópi á meðan námskeiðin í Vínlandsleið eru fyrir fólk með flókna fötlun og sem þarf mikla aðlögun að námsefni og kennsluaðferðum.

Áframhaldandi samstarf er við Myndlistaskólann í Reykjavík. Myndlistaskólinn býður upp á vinnustofu í myndlist. Fjölmennt niðurgreiðir ekki það nám og greiða þátttakendur það að fullu. Fjölmennt sér um umsýslu, inntöku og skráningu. Ráðgjafar Fjölmenntar hafa að auki séð um ráðgjöf til skólans ef þörf hefur verið á.

Að beiðni Myndlistaskólans ákvað stjórn Fjölmenntar að kosta diplómanám í myndlist fyrir fólk með þroskahömlun. Námið hófst haustið 2015 og er fjögurra anna nám. Myndlistaskólinn leggur til aðstöðu en Fjölmennt greiðir allan kostnað við námið.

Boðið var upp á reglulega fræðslufundi fyrir aðstandendur/starfsfólk heimila þátttakenda á spjaldtölvunámskeiðum og sá verkefnastjóri námsins um fræðsluna. Þetta hefur mælst vel fyrir og þátttaka á fræðslufundum góð.

Sú nýjung var tekin upp á árinu að halda stutt sumar- og jólanámskeið. Námskeiðin voru í eitt til þrjú skipti hvert. Þessi nýjung mæltist vel fyrir og er komin til að vera.

Styrkir og samstarfsverkefni

Lýðheilsustöð veitti Fjölmennt styrk að upphæð 500 þúsund upp í kostnað við *Heilsubrautina* sem er samfelld tveggja anna nám.

Á árinu fékkst styrkur til námsferða frá *Erasmus+* sem er náms- og styrkjasjóður Evrópusambandsins. Sex starfsmenn Fjölmenntar fóru í námsferðir í byrjun ársins. Þrír kennarar fóru til Danmerkur til að kynna sér iPad spjaldtölvukennslu. Tveir kennarar ásamt

einhverfuráðgjafa fóru til Bretlands á ráðstefnu fyrir fólk á einhverfurófi ásamt því að heimsækja tvo vinnu- og námsstaði fyrir fólk á einhverfurófi.

Fjölmennt fékk á árinu einnar milljón króna styrk frá *Öryrkjabandalagi Íslands*.

Tveir kennarar Fjölmenntar fengu styrk að upphæð 500 þúsund frá *Lýðheilsustöð* til að gera rafbók um heilsutengt efni. Rafbókin verður aðgengileg öllum á heimasíðu Fjölmenntar.

Fjölmennt fékk styrk úr *þróunarsjóði framhaldsfræðslu* til að hanna tveggja anna námsbraut fyrir fólk á einhverfurófi með mikla þjónustubörf. Vinna við hönnun og skipulagningu námsins hófst á haustönn 2014 og tóku fjórir kennarar Fjölmenntar þátt í því starfi ásamt einhverfuráðgjafa stofnunarinnar. Námsbrautin hefur hlotið nafnið *Líf mitt með öðrum*. Námsbrautin var síðan haldin á vor- og haustönn 2015. Fjórir nemendur á einhverfurófi stunduðu þar nám og fjórir kennarar ásamt einhverfuráðgjafa unnu við brautina. Mikil vinna fólst í hönnun og framkvæmd námsins. Stefnt er að því að nota námsefni brautarinnar á almennum námskeiðum fyrir þennan hóp nemenda og að halda hana aftur ef fjárhagur leyfir.

Landssamtökin Þroskahjálpi gerðu samning við Reykjavíkurborg um stofnun *notendasamráðs fatlaðs fólks og Reykjavíkurborgar*. Fjölmennt var falið að sjá um framkvæmdina. Auglýst var eftir þátttakendum í samráðshópin og tóku sjö manns þátt í námskeiði þar sem þátttakendur fengu fræðslu um lög og réttindi fatlaðs fólks. Einnig fengu þau undirbúning fyrir það að segja skoðanir sínar á þjónustunni. Áhersla var lögð á fræðslu um mannréttindi og kynningu á þjónustu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Jafnframt var lögð áhersla á jafningjafræðslu og ráðgjöf. Í framhaldi af námskeiðinu geta borgaryfirvöld leitað til ráðgjafahópsins og óskað eftir því að hópurinn veiti umsögn og komi með ábendingar hvað varðar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Fjölmennt verður hópnum til aðstoðar en ekki hefur verið samið um nánari útfærslu á því.

Fjölmennt er aðili að samstarfi sem fjármagnað er af *Nordplus*. Þátttakendur frá sjö löndum taka þátt í verkefninu, Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Eistland, Lettland og Litháen. Markmið verkefnisins er að mynda tengslanet fullorðinsfræðsluaðila sem sinna námi fatlaðs fólks. Fyrsti fundur var haldinn í Reykjavík í október. Haldnir verða þrjú aðrir fundir á árinu 2016 en verkefninu lýkur í nóvember sama ár. Helga Gísladóttir forstöðumaður Fjölmenntar og Anna Soffía Óskarsdóttir kennsluráðgjafi eru þátttakendur fyrir hönd Fjölmenntar.

Undanfarið hefur borist töluvert af beiðnum um samstarf að verkefnum sem fjármögnuð eru af Nordplus og Evrópusambandinu. Anna Soffía Óskarsdóttir hefur það hlutverk að halda utanum erlent samstarf. Þegar beiðnir berast þarf að meta ávinninginn. Þó svo að fjármagn fylgi verkefnum af þessu tagi þá er vinnan við þau umtalsverð og ekki farið út í samstarf nema augljós ávinningur sé af því fyrir Fjölmennt.

Önnur starfsemi

Frá árinu 2011 hefur Fjölmennt annast kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í formi verkefnis sem nefnist „*Sendiherrar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks*“. Verkefni þetta var sett á fót að frumkvæði Landssamtakanna Þroskahjálpar og í fyrstu fjármagnað með styrk frá Progress áætlun Evrópusambandsins. Samningur er við velferðarráðuneyti út árið 2016 til að standa straum af verkefninu. Verkefnastjóri er Ágústa Rós Björnsdóttir en hún tók við verkefnastjórn af Ásdísi Guðmundsdóttur um mitt ár.

Fjölmennt hefur tekið þátt í samstarfsverkefni Þroskahjálpar og Ríkisútvarpsins við framleiðslu sjónvarpsþáttanna *Með okkar augum* sem sýndir hafa verið á RÚV. Fjölmennt styður verkefnið með því að greiða laun aðstoðarmanns. Aðkoma Fjölmenntar að verkefninu er tilkomin vegna þess að áður en þáttaröðin fór af stað fyrir nokkrum árum hélt Fjölmennt námskeið í þáttagerð fyrir sjónvarp. Þátttakendur á því námskeiði vinna að þáttunum í dag.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi. Fjölmennt tekur árlega þátt í einhverjum atriðum. Hátíðin er haldin um land allt og er mikilvægur vettvangur fyrir fatlað listafólk. Mikil áhersla er lögð á samstarf fatlaðra og ófatlaðra listamanna.

Á hverju vori er haldin *vorhátíð Fjölmenntar*. Hátíðin var haldin í Gullhömrum eins og undanfarin ár. Hátíðina sækja um þrjú hundruð manns og er hún orðin partur af félagslífi nemenda Fjölmenntar.

Tónleikar eru haldnir tvisvar á ári, jólatónleikar í Grensáskirkju í desember og vortónleikar í Grafarvogskirkju í maí. Á tónleikunum koma fram þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar.

Kynningarstarf

Haustið 2015 var samið við Stefnu hugbúnaðarhús um hönnun nýrrar heimasíðu. Mikil áhersla er á að heimasíðan sé myndræn og auðveld í notkun. Heimasíðan verður formlega tekin í notkun á vorhátíð Fjölmenntar í maí 2016. Með tilkomu heimasíðu og samfélagsmiðla er minni þörf á að kynna starfsemi Fjölmenntar. Nokkur ár eru síðan lagður var af sérstakur kynningardagur vegna lítillar aðsóknar. Áfram er kynningarfundur á vorin fyrir útskriftarnema af starfsbrautum á Reykjavíkursvæðinu þar sem farið er yfir starfsemi Fjölmenntar og hvað er í boði. Mikil tengsl eru við aðstandendur nemenda. Í lok hvers námskeiðs er boðið uppá að þeir komi og fái yfirlit yfir það sem gert hefur verið á námskeiðinu, meta hvernig til hefur tekist og yfirfæra verkefni námskeiðs á heimavettvang.

Mikil aukning hefur orðið á heimsóknnum erlendra hópa sem koma til þess að kynna sér starfsemi Fjölmenntar. Einnig er töluvert um að starfsfólk vinnustaða og heimila nemenda Fjölmenntar kynni sér starfsemina.

2. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Ráðgjafardeildin hefur 1,3 stöðugildi. Ráðgjafar eru:

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks í 50% starfshlutfalli.
- Helle Kristensen, ráðgjafi vegna innleiðingar spjaldtölvu í 33% starfshlutfalli (frá og með haustönn 2015).
- Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli.

Störf ráðgjafardeildarinnar eru stöðugt í mótun. Má þar nefna tengsl við hinar ýmsu símenntunarstöðvar, ráðgjöf innan Fjölmenntar, tengsl við talsmenn og annað starfsfólk vegna yfirfærslu milli námskeiðs og heimilis, almennt fræðsluhlutverk og almenna kennsluráðgjöf. Sérstaklega ber að nefna ráðgjöf vegna notkunar spjaldtölvu með reglulegum fræðslufundum bæði fyrir starfsfólk Fjölmenntar og fyrir starfsfólk heimila og vinnustaða og aðstandendur.

Ráðgjöf til starfsfólks Fjölmenntar

Ráðgjöf innan Fjölmenntar hefur haldið áfram að þróast. Ráðgjafar fara inn í kennslustundir og eiga fundi með einstökum kennurum eða kennarahópum og ráðgjafi um spjaldtölvur hefur haldið reglulega fræðslufundi með starfsmönnum. Frumkvæði að ráðgjöf kemur í vaxandi mæli frá kennurum og öðru starfsfólki og stór hluti ráðgjafarinnar fer fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn.

Ráðgjafar hafa samstarf um ráðgjöf eins og áður og sinna ráðgjöf sameiginlega vegna þeirra nemenda sem hafa sérstaklega flóknar námsþarfir.

Fundir hópa kennara með hliðstæð viðfangsefni, faghópafundir, hafa í nokkrum mæli haldið áfram, þar sem ráðgjöfin verður hluti af samráðsferli kennaranna og sameiginlegri lausn á margvíslegum viðfangsefnum í kennslu.

Tengsl við símenntunarstöðvar

Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að bjóða fram stuðning og ráðgjöf. Ráðgjafar höfðu samband við allar stöðvar til að minna á þjónustu deildarinnar og héldu fundi með verkefnastjórum margra þeirra, ýmist í Fjölmennt eða úti á stöðvunum.

Einnig heimsóttu ráðgjafar þjónustuaðila á svæðum nokkurra símenntunarstöðva til að skoða hverjar óskir fatlaðs fólks á svæðunum væru fyrir námstilboð og aðstoða við að byggja upp tengsl milli þeirra og viðkomandi símenntunarstöðvar.

Anna Soffía hélt utan um tengsl við Vestmannaeyjar, Selfoss, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði. Jarprúður sá um tengsl við símenntunarstöðvar á Akureyri, Sauðárkróki, Húsavík, Austurlandi og Mími.

Aðstæður hinna ýmsu símenntunarstöðva eru um margt ólíkar sem og þarfir sem fram koma á svæðunum. Tengsl við félagsleg þjónustukerfi og talsmenn fatlaðs fólks og innbyrðis tengsl stofnana eru ólík. Einnig er misjafnt milli símenntunarstöðvanna hversu vel tilboð þeirra nær til fólks með mismunandi skerðingar. Þar sem námstilboð nær vel til þeirra sem mikið eru fatlaðir hafa menn meiri áhyggjur af því hvernig megi ná til fólks sem er félagslega einangrað vegna fötlunar og nýtur sumt almennt lítillar þjónustu. Sums staðar virðist auðveldara að ná til þess hóps, meðan aðsókn meira fatlaðs fólks er lítil. Á þeim svæðum þarf e.t.v. að benda þjónustuaðilum meira á menntunargildi námskeiða fyrir fólk með miklar þjónustuþarfir.

Ráðgjafar geta stutt við aukin tengsl símenntunarstöðvanna við félagslega þjónustuaðila í því skyni að þróa námsframboð í samræmi við þarfir og áhuga íbúa á þjónustusvæðum þeirra. Þannig voru í tengslum við heimsóknir ráðgjafa skipulagðir fundir með öðrum þjónustuaðilum á sumum svæðum. Einnig var farið í heimsóknir á heimili fatlaðs fólks og hæfingarstöðvar til að styrkja tengsl og fá fram óskir notenda sjálfra um námstilboð. Á einum stað voru öllum íbúum boðin einstaklingsviðtöl.

Námskeið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins Stikla 15 - nám og kennsla fatlaðs fólks var haldið á Ísafirði fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða og í Borgarnesi fyrir Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Á báðum stöðum var starfsfólki frá félagsþjónustu svæðanna boðið að taka þátt. Kennarar voru Anna Soffía Óskarsdóttir og Jarprúður Þórhallsdóttir.

Önnur viðfangsefni

Ráðgjafar hafa tekið á móti fólki sem komið hefur til að kynna sér kennsluáðstæður, rofabúnað, stuðningsbúnað við spjaldtölvur og ákveðin svið í kennslu og námstilboði Fjölmenntar. Það hafa verið starfsmenn dagvista/verndaðra vinnustaða, heimila, nemandur í verknámi og ráðgjafar í annarri þjónustu.

Fræðslufundir hafa verið haldnir reglulega fyrir aðstandendur og starfsfólk á heimilum nemenda sem sækja, eða sótt hafa, námskeið um notkun spjaldtölva.

Frumkvæði að ýmis konar samstarfi auk beinnar ráðgjafar hefur komið frá símenntunarstöðvunum. Samstarf vegna þróunarverkefnis Símenntunarstöðvar Vesturlands og Fræðslunetsins á Suðurlandi um Listnámsbraut fyrir mikið fatlað fólk: yfirlestur og ráðgjöf varðandi þátt einhverfu í kennsluleiðbeiningum hélt áfram og lauk að vori. Er þar brotið blað í námskráargerð fyrir fullorðið fólk með flóknustu námsþarfirnar.

Tveir ráðgjafar fóru í námsferðir með styrk frá Erasmus+ ásamt kennurum við Fjölmennt. Þrjár símenntunarstöðvar með Erasmus styrk fyrir sameiginlegar námsferðir fengu aðstoð og ábendingar um tengiliði.

Samantekt

Á árinu kom nýr ráðgjafi inn í deildina vegna innleiðingar spjaldtölva. Áfram hefur verið lögð áhersla á ráðgjöf fyrir þá einstaklinga sem þurfa mjög sérhæfðar kennsluleiðir, fólk á

einhverfurófi og mikið fatlað fólk með fjölbættar þarfir fyrir aðstoð. Auk áherslu á notkun spjaldtölvu í námi sem og daglegu lífi.

Almenn tengslamyndun hefur haldið áfram að vera mikilvægur þáttur í samstarfinu við símenntunarstöðvarnar auk þess sem ráðgjöf við einstaka leiðbeinendur hefur aukist.

3. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐFÖTLUN

Í stefnuskrá Fjölmenntar er lögð áhersla á að fólk með fötlun hafi tækifæri til að sækja þjónustu hjá sömu aðilum og ófatlaðir. Í mörg ár hefur verið unnið að því að færa námskeið fyrir fólk með geðfötlun út til annarra menntastofnana og ýmissa aðila sem bjóða upp á námskeið. Mikil reynsla af þeirri vinnu liggur hjá þessum aðilum og hjá verkefnisstjóra að ógleymdri reynslu nemenda sem hefur skilað sér í auknum lífsgæðum.

Í lok árs 2014 var ljóst að draga þyrfti úr umfangi námskeiðahalds fyrir fólk með geðfötlun og lagt var til að námskeið á vorönn 2015 yrðu haldin í húsnæði Fjölmenntar í Vínlandsleið. Tvö námskeið voru þó haldin annars staðar; Myndlist í Mynlistarskóla Kópavogs og enska, sem haldin var í Klúbbnum Geysi.

Fljótlega kom í ljós að staðsetningin og ýmislegt í annarri starfsemi hússins, hentaði mörgum nemendum ekki.

Í mars 2015 var settur af stað hópur til að vinna að stefnumótun verkefnisins og á verkefnisstjóri sæti í þeim hópi ásamt forstöðumanni og fulltrúum úr stjórn Fjölmenntar.

Þar sem góð reynsla var þegar komin af námskeiðshaldi í Klúbbnum Geysi, á haustönn 2014, var ákveðið að leita samstarfs við fleiri dagsetur í þjónustu við fólk með geðfötlun. Voru forstöðumenn dagsetranna á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Klúbbnum Geysi, Hugarafli, Hlutverkasetri, Vin, Dvöl og Læk, boðaðir til fundar með nefndinni. Samstarf tókst við forstöðumenn allra setra nema Vinjar, sem hugsanlega kemur til samstarfs síðar.

Í kjölfar fundarins var ákveðið að bjóða upp á nokkur ný námskeið á haustönn auk þeirra sem þegar voru í boði og voru haldin 1 – 2 námskeið í hverju setri.

Eitt námskeið á vegum Lækjar var haldið í húsi Rauða Krossins í Hafnarfirði. Eitt myndlistarnámskeið var haldið í Vínlandsleið. Námskeiðin voru undirbúin í samráði við kennara, nemendur /umboðsmenn þeirra og forstöðumenn á dagsetrum.

Breytingarnar voru kynntar nemendum sem sótt hafa námskeið, umboðsmönnum þeirra og forstöðumönnum í búsetu. Einnig var sendur kynningarpóstur til þeirra sem annast þjónustu við fólk með geðfötlun hjá félagsþjónustumiðstöðvum, geðhjúkrunarteymis LSH og iðjubjálfun LSH. Haldinn var kynningarfundur með forstöðumönnum í búsetuþjónustu og leitað eftir hugmyndum að námskeiðum og annað rætt sem lýtur að fyrirkomulagi námskeiðanna.

Verkefnisstjóri hefur séð um umsýslu og eftirfylgd með námskeiðunum en þar sem stöðuhlutfall var lækkað nokkuð, var ákveðið að dagsetrin tækju að sér ýmsa þætti í eftirfylgd og þjónustu við nemendur.

Námskeiðin gengu undnatekningarlaust vel fyrir sig við þessar breyttu aðstæður og þar sem einhverjir hnökror komu upp var góð samvinna um að leysa þá. Samvinna við dagsetrin og kennara hefur verið einstaklega góð sem og samvinna við nemendur og starfsfólk í búsetu og annarri þjónustu við þá.

Þessar breytingar hafa þau jákvæðu áhrif í för með sér að nú eru námskeiðin haldin í umhverfi sem margir nemendur þekkja að einhverju leyti til og margir hverjir sækja þjónustu dagsetranna að staðaldri.

Í febrúar 2015 barst Fjölmennt erindi frá Geðhjálp, þess efnis að Fjölmennt gengi til samstarfs við Bataskólann sem fyrirhugað er að verði rekinn í Vin í samstarfi við geðsvið LSH og er sniðinn eftir bresku módeli sem geðsvið LSH hefur verið að þróa undanfarin ár. Geðhjálp hélt nokkra fundi sem forstöðumaður, verkefnisstjóri og stjórn Fjölmenntar voru boðaðir til þar sem lagt var til að fjármagn frá Fjölmennt yrði varið til Bataskólaverkefnisins. Fulltrúar úr stjórn Fjölmenntar funduðu einnig með verkefnisstjóra og forstöðumanni. Stjórn Fjölmenntar tók þá ákvörðun að ekki yrði gengið til samstarfs um Bataskólaverkefnið og að fjármagn frá Fjölmennt verði ekki varið til þess þar sem menntamálaráðuneytið veitir fjármagni til Fjölmenntar sem símenntunarstofnunar.

Verkefnisstjóri kynnti sér ýmis gögn um fyrirmynd að Bataskólanum. Um mjög yfirgripsmikið og markvisst starf virðist vera að ræða í samvinnu sveitarfélaga, heilbrigðiskerfis og annarra aðila í þjónustu við fólk með geðfötlun. Um mjög ólík úrræði er að ræða þar sem Fjölmennt leggur áherslu á að starfa sem símenntunarstöð þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið sem byggð eru upp samkvæmt óskum og þörfum nemenda og starfsemin ekki tengd hinu lækisfræðilega módeli heilbrigðiskerfis.

Verkefnisstjóri telur mikilvægt að eiga gott samstarf við Geðhjálp og önnur samtök sem vinna að málefnum fólks með geðfötlun þó ekki sé gengið til samstarfs um Bataskólaverkefnið nú.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnisstjóri náms fyrir fólk með geðfötlun.

4. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Árið 2015 voru gerðir samningar við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni og námu framlög til þeirra samtals 52.216.951 krónum. Ráðgjafar Fjölmenntar eru faglegir tengiliðir við stöðvarnar og fylgjast með þeim tilboðum sem fötluðu fólki á viðkomandi svæði býðst og heimsækja stöðvarnar eftir þörfum. Ferðirnar eru þá gjarnan notaðar til að funda með þjónustukerfum fatlaðs fólks á viðkomandi svæði. Eftir hverja önn skila stöðvarnar skýrslu um námskeið annarinnar og uppgjör framlagsins frá Fjölmennt. Í samningum sem gerðir eru við stöðvarnar er lögð mikil áhersla á að samvinna sé við þátttakendur og þjónustukerfi á viðkomandi svæði þegar ákvörðun er tekin um námskeiðstilboð.

Hjá símenntunarstöðvunum á landsbyggðinni er víða öflug starfsemi. Stöðvarnar reyna að auka starfsemina fyrir markhóp Fjölmenntar með því að leita sér styrkja. Þær sækja um í Þróunarsjóð framhaldsfræðslu, í ýmsa sjóði og til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Einnig eru dæmi um að fyrirtæki á viðkomandi svæðum styrki verkefni. Verkefnastjórar frá Símenntunarstöð Vesturlands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Austurbrú fóru til Svíþjóðar í nóvember til að kynna sér fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks. Þar heimsóttu þeir þrjá staði í Stokkhólmi, Solleftea og Harnesand. Ferðin var fjármögnuð með styrk frá Erasmus+.

Þróunarverkefni símenntunarstöðvanna

Haustið 2015 hófst *Listnámsbraut* hjá Fræðsluneti Suðurlands. Brautin er 180 stunda nám þar sem lögð er áhersla á að mæta þörfum fólks með mikla þroska- og hreyfihömlun og/eða fólks á einhverfurófi. Áhersla er á sköpun, upplifun og þátttöku og er markmiðið m.a. að auka tækifæri fatlaðs fólks til að öðlast nýja reynslu í gegnum listnám. Námskrárgerð fór fram árið 2014 og á vorönn 2015. Styrkur fékkst úr þróunarsjóði framhaldsfræðslu fyrir hönnun námsins. Stjórn Fjölmenntar samþykkti að styrkja Fræðslunetið svo hægt væri að kenna brautina skólaárið 2015-2016. Ráðgjafar Fjölmenntar ásamt tveimur listgreinakennurum komu að hönnun brautarinnar. Nokkrir þátttakendur úr markhópi Fjölmenntar stunda nám á almennum námsbrautum hjá Fræðslunetinu sem eru styrktar af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Einn nemandi er í *Námi og þjálfun*, sex manns í *Námi og starfi* og sex manns í *Lestri og ritun*.

Fræðslunetið stofnaði á árinu *rýnihóp* sem í er fólk með þroskahömlun. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á ári og kemur með ráðleggingar, hugmyndir og athugasemdir um alla þætti starfseminnar.

Fræðslunetið hóf á árinu samræður og samstarf við Háskólafélag Suðurlands. Staðið var sameiginlega að kynningu á diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun í Háskóla Íslands.

Haustið 2015 hófst hjá Austurbrú á Egilsstöðum námsleið sem heitir *Skóli lífsins*. Um er að ræða tveggja anna námsbraut með áherslu á daglegt líf og samskipti. Á brautinni er aðallega ungt fólk sem er nýútskrifað af starfsbraut framhaldsskólans á staðnum.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum bauð í þriðja sinn upp á námsbrautina *Hugur og heilsa*. Námsleiðin er 60 kennslustundir auk einstaklingsviðtals við iðjuþjálfra fyrir hvern nemanda áður en námskeiðið hófst. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Björgina, geðræktarmiðstöð á Suðurnesjum.

Á vorönn eru námskeið í tónlist, myndlist og leiklist gjarnan skipulögð þannig að afrakstur námskeiðanna er sýndur á hátíðinni *List án landamæra* á viðkomandi stað.

Skemmtileg nýjung í námskeiðahaldi hjá Símei er *námskeið í blaðamennsku*. Það var haldið í samstarfi við Vikudag á Akureyri. Efni námskeiðsins birtist í prentútgáfu blaðsins.

Símei er í samstarfi við Atvinnu með stuðningi á Akureyri. Samstarf er um *atvinnutengt nám* og sér Símei um bóklega hluta námsins en Atvinna með stuðningi útvegar vinnustaði og heldur utan um nám á vinnustað. Hjá Símei er einnig rekin námsbrautin *Lífsleikni fyrir einstaklinga með fötlun* og er það nýjung í námsframboði stöðvarinnar.

Á haustfundi Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarstöðva, funduðu verkefnastjórar símenntunarstöðva sem bjóða upp á nám fyrir fatlað fólk. Á þeim fundi kom fram vilji til að koma á fót kynfræðslunámskeiði fyrir fatlað fólk. Fyrirspurnir hafa komið um slík námskeið á öllum stöðvunum. Samþykkt var að vinna saman að því að undirbúa námsskrá, efni og það sem þarf til að geta boðið upp á slíkt námskeið. Sækja á um styrk í þróunarsjóð framhaldsfræðslu til að vinna þennan undirbúning.

LOKAORÐ

Ýmsar nýjungar voru í starfsemi Fjölmenntar á árinu. Má þar nefna sumar- og jólanámskeiðin sem mikil ánægja var með. Önnur mikilvæg nýjung er námsbraut fyrir einhverft fólk sem hefur mikla þjónustupörf. Þá styrkti Fjölmennt Fræðslunetið á Suðurlandi til þess að hanna og bjóða uppá listnámsbraut fyrir mikið fatlað fólk. Báðar þessar brautir eru nýjungar í kennslu mikið fatlaðs fólks og vonandi getur Fjölmennt haldið áfram að auka við námstilboð fyrir þennan hóp.

Fólk með þroskahömlun sem lokið hefur námi á starfsbrautum framhaldsskóla hefur ekki mikla möguleika á áframhaldandi námi. Mikil ásókn er í diplómanám við Háskóla Íslands og umsækjendur í það nám alltaf fleiri en komast að. Það er því ánægjulegt að Fjölmennt hafi á árinu hafið samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur um tveggja ára diplómanám í myndlist. Mikil þörf er á að auka nám af þessu tagi og Fjölmennt er vel í stakk búin að hefja samstarf við fleiri menntastofnanir ef til þess fengist fjármagn.

Á árinu var gerð tilraun með nýtt fyrirkomulag í kennslu fólks með geðfötlun. Komið var á samstarfi við dagsetur sem þjóna þessum hópi. Reynsla af þessu samstarfi er góð og verður samstarfinu haldið áfram.

Það er ánægjulegt að sjá hversu mikill kraftur er í starfi margra símenntunarstöðva á landsbyggðinni. Þær eru í auknum mæli að bjóða upp á námsbrautir og mikil og góð reynsla er að byggjast upp um land allt í kennslu fyrir fatlað fólk. Með aukinni starfsemi hafa komið fram óskir um aukið framlag frá Fjölmennt sem ekki hefur verið hægt að verða við og fyrirsjáanlegt að verður ekki á næstunni. Það er jákvætt að stöðvarnar hafa verið duglegar að sækja um styrki og getað á þann hátt aukið námstilboð fatlaðs fólks.

Óvissa varðandi fjárframlög til Fjölmenntar mun óhjákvæmilega setja mark sitt á starfsemina framundan. Niðurskurður á námstilboðum er fyrirsjáanlegur. Það mun verða til þess að hver umsækjandi getur aðeins fengið eitt námskeið á önn. Lögð verður áhersla á að tryggja öllum umsækjendum nám og leitað leiða til þess að hagræða í starfseminni eins og kostur er.

Reykjavík, apríl 2016

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar